

Fundargerð XXV. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. mars 2011

Árið 2011 þann 25. mars var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Landsþingið hófst kl. 9:30.

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Ræða hans er birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og er vísað til ræðunnar þar um efni hennar.

2. Kosning starfsmanna þingsins

- a) Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Jón Helgi Björnsson, formaður bæjarráðs Norðurþings og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- b) Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Þórunn Egilsdóttir, oddviti Vopnafjarðarhreppi, og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, hreppsnefndarmaður Rangárþingi ytra.
- c) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Elsa Hrafnhildur Yeoman, borgarfulltrúi Reykjavíkurborg, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhreppi og Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþingi eystra.

3. Stefnumörkun sambandsins 2011-2014 – innleiðing

Karl Björnsson hafði framsögu um fyrirbyggjandi tillögu og fylgdi henni úr hlaði. Þingfulltrúum var skipt í eftirfarandi hópa:

Hópur 1 – Umræðustjóri: Guðríður Arnardóttir.

Til aðstoðar: Magnús Karel Hannesson.

Umfjöllunarefni: Félagsþjónusta

Húsnæðismál

Byggða- og atvinnumál.

Hópur 2 – Umræðustjóri: Elín R. Líndal.

Til aðstoðar: Guðjón Bragason.

Umfjöllunarefni: Umhverfis- og hreinlætismál

Skipulags- og byggðamál

Umferðar- og samgöngumál.

Hópur 3 - Umræðustjóri: Dagur B. Eggertsson.

Til aðstoðar: Gunnlaugur A. Júlíusson.

Umfjöllunarefni: Tekjur sveitarfélaga

Rekstur og þjónusta

Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Hópur 4 - Umræðustjóri: Gunnar Einarsson.

Til aðstoðar: Anna G. Björnsdóttir.

Umfjöllunarefni: Lýðræði í sveitarfélögum

Málefni íbúa af erlendum uppruna

Alþjóðamál

Fræðslu- og uppeldismál.

Hópur 5 – Umræðustjóri: Eiríkur Björn Björgvinsson.

Til aðstoðar: Inga Rún Ólafsdóttir.

Umfjöllunarefni: Kjaramál

Jafnréttismál

Málaflokkar sem sambandið sinnir ekki.

Hópar störfuðu fram að hádegishléi kl. 12:00.

Hádegishlé var gert kl. 12:00 – 13:00.

4. Álit kjörbréfanefndar

Ísólfur Gylfi Pálmason kynnti álit kjörbréfanefndar, svohljóðandi: Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem borist hafa. Rétt til setu á þinginu hafa 153 fulltrúar frá 76 sveitarfélögum. Mættir eru 135 fulltrúar frá 68 sveitarfélögum, 8 formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka auk 38 framkvæmdastjóra sveitarfélaga og 4 stjórnarmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samtals eru því 50 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin gerir ekki athugasemdir við kjörbréfin.

5. Álit umræðuhópa.

Guðríður Arnardóttir kynnti niðurstöður hóps 1 sem fjallaði um félagsþjónustu, húsnæðismál og byggða- og atvinnumál.

Dagur B. Eggertsson kynnti niðurstöður hóps 3 sem fjallaði um tekjur sveitarfélaga, rekstur og þjónustu og samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Elín R. Líndal kynnti niðurstöður hóps 2 sem fjallaði um umhverfis- og hreinlætismál, skipulags- og byggðamál og umferðar- og samgöngumál.

Gunnar Einarsson kynnti niðurstöður hóps 4 sem fjallaði um lýðræði í sveitarfélögum, málefni íbúa af erlendum uppruna, alþjóðamál og fræðslu- og uppeldismál.

Eiríkur Björn Björgvinsson kynnti niðurstöður hóps 5 sem fjallaði um kjaramál, jafnréttismál og málaflokka sem sambandið sinnir ekki.

Niðurstöður hópanna eru birtar á vef sambandsins.

Umræður um niðurstöður hópanna.

Til máls tóku: Tryggvi Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson, Halldór Halldórsson, Drífa Kristjánsdóttir, Jóhann Ólafsson, Ragný Guðjohnsen, Eiríkur Björn Björgvinsson.

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins lagði fram eftirfarandi ályktun um niðurstöður umræðuhópanna:

XXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga felur stjórn sambandsins að vinna úr niðurstöðum fimm umræðuhópa um drög að stefnumörkun sambandsins 2011-2014, sem kynntar hafa verið á þinginu, og ganga frá stefnumörkuninni á þeim grunni sem landsþingið hefur rætt og fjallað um.

Samþykkt samhljóða.

6. Aukin atvinna- auknar tekjur sveitarfélaga.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra flutti ávarp um atvinnu- og orkumál.

Ávarpið er birt á vef sambandsins.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ flutti erindi. Hann fjallaði m.a. um atvinnuástandið í samfélaginu, afleiðingar minnkandi atvinnu og þörfina á því að skapa fyrirtækjum áhugavert starfsumhverfi.

Glærur með helstu áherslupunktum erindisins eru birtar á vef sambandsins.

Umræður um erindin.

Til máls tóku: Guðný Sverrisdóttir, Jens Garðar Helgason, Ólafur Jónsson, Sigurborg Kr. Hannesdóttir.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Kristinn Jónasson svaraði framkomnum fyrirspurnum.

7. Þingslit.

Guðríður Arnardóttir tók að lokum til máls, þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum sambandsins þeirra framlag og sleit þingi kl. 15:25.

Þórunn Egilsdóttir (m.e.h.)

Guðmundur I. Gunnlaugsson (m.e.h.)